



Ársskýrsla 2022 – 2023

| | |
|-----------------------------------|---------------------------|
| Stjórnandi Litlu Lúðró | Anastasia Kiakhidi |
| Stjórnandi Gemlingasveitar | Anastasia Kiakhidi |
| Stjórnandi Stóru Lúðró | Martin Markvoll |
| Stjórnandi Víkingasveitar | Martin Markvoll |

Litla Lúðró

| | |
|------------|--------------------------|
| Þverflauta | Emiliana Káradóttir |
| | Valrún Arna Bergmann |
| Klarinett | Hjördís Ella Hauksdóttir |
| Slagverk | Alex Ýmir Gunnlaugsson |

Gemlingasveit (Milli-Lúðró)

| | |
|----------------|---------------------------|
| Þverflauta | Gerður Nönnu Hjaltadóttir |
| Klarinett | Julia Krystyna Kowalska |
| Bassaklarinett | Jón Dagur Jónsson |

| | |
|----------|---|
| Kornett | Astrid Nóra Franch |
| | Birna Maren Dagsdóttir |
| | Davíð Ágúst Árnason |
| | Valentina Cara Eyþórsdóttir |
| | Wojciech Ryszard Kowalski |
| | Almar Patryksson (hætti e. áramót) |
| Baritónn | Edda Dögg Diego Arnarsdóttir (byrjaði og hætti e. áramót) |
| Básúna | Chayanan Chanthranuwong (byrjaði e. áramót) |

| | |
|-------------------|-------------------------------|
| Píanó, Klukkuspil | Kristín Edda Stefánsdóttir |
| | Eyborg María Bergmann |
| Ukulele | Norbert Krystian Lukasik |
| Rafbassi | Ingibjörg Sesselja Jónsdóttir |

| | |
|----------|--------------------------|
| Slagverk | Baltasar Kúld Arnórsson |
| | Salka Emilsdóttir |
| | Þórveig Birta Jónsdóttir |

Stóra Lúðró

| | |
|--------------------|---|
| Þverflauta | Hera Guðrún Ragnarsdóttir Hugrún María Hólmgeirsdóttir (hætt í nóvember) |
| Klarinett | Þorvarður Daníel Einarsson (fékk að taka pásu e. áramót) Brynja Rún Rúnarsdóttir |
| Altsaxófónn | Íris Ísafold Sigurbjartsdóttir |
| Kornett/Trompet | Helena María Ægisdóttir Igor Mikolaj Kowalski Kristofer Dean Campbell Stefanía Klara Jóhannsdóttir |
| Franskt horn | Bence Petö (einnig trompet) |
| Básúna | Gergö Petö |
| Básúna/Túba | Hjalti Jóhann Helgason |
| Píanó/Klukkuspil | Jóhanna María Ægisdóttir |
| Ukulele | Brynja Thorlacius |
| Rafbassi | Hákon Rúnar Hólmgeirsson |
| Rafbassi/ Slagverk | Ívar Leó Hauksson Ágústa Arnþórsdóttir |
| Slagverk | Arnar Franz Hauksson |

Víkingasveit

| | |
|-------------------|---|
| Þverflauta | Hera Guðrún Ragnarsdóttir |
| Klarinett | Anastasia Kiakhidi |
| Altsaxófónn | Íris Ísafold Sigurbjartsdóttir |
| Kornett/Trompet | Bence Petö Helena María Ægisdóttir Stefanía Klara Jóhannsdóttir |
| Franskt horn | - |
| Básúna | Gergö Petö |
| Básúna/Túba | Hjalti Jóhann Helgason |
| Ukulele | Brynja Thorlacius |
| Píanó/Klukkuspil | Jóhanna María Ægisdóttir |
| Rafbassi/Slagverk | Ágústa Arnþórsdóttir |
| Rafbassi/Slagverk | Ívar Leo Hauksson |

Ný hljóðfæri

Thomann kornett, franskt horn, básúna og barítónhorn voru keypt í kring um áramót 2022-23. Leifur Harðarsson (fyrirverandi nemandi) gaf okkur trompet sem hann lærði á. Hljóðfærið þurfti smá viðgerð, en er núna í góðu standi.

Foreldrafélag

Í stjórn voru Edda Baldursdóttir, Elín Elísabet Hallfreðsdóttir, Hafrún Brá Hafsteinsdóttir, Jóna Gréta Guðmundsdóttir, Sigrún Erla Eyjólfsdóttir, Steinunn María Þórsdóttir og Þórný Alda Baldursdóttir. Anna Hallgrímsdóttir bættist í hópinn eftir stutt hlé. Starf foreldrafélagsins var hefðbundið á þessu ári; haldið var utan um æfingabúðir, fjáröflun, búningamál og utanlandsferð.

Starfsárið 2022 - 2023

- 1. september** Fyrsta æfing haustsins hjá Stóru Lúðró
- 15. september** Fyrsta æfing haustsins hjá Víkingasveitinni
- 15. september** Fyrsta æfing haustsins hjá Gemlingasveitinni
- 19. október** Fyrsta æfing haustsins hjá Litlu Lúðró

7. - 9. október – Landsmót C/D sveita á Akureyri

Þau sem fóru: Ívar Leo, Íris Ísafold, Hera Guðrún, Hjalti, Ágústa og Stefanía. Fararstjórar voru Haukur Garðarsson, Sigurbjartur Loftsson og Kristjón Daðason.

Keyrt var í Borgarnes og sameinuðumst við þar Skólahljómsveit Mosfellsbæjar í rútu. Haukur og Sigurbjartur fóru akandi með allt okkar dót. Við mættum í Brekkubæjarskóla um 19:00. Vegna væntanlegs óveðurs aðfaranótt sunnudags var ákveðið að flýta allri dagsskrá og hefja strax æfingar í risastórum hljómsveitum með mismunandi þemu. Í boði var kvikmyndatónlist, klassísk tónlist og jazz/bigband tónlist.

Lokatónleikar fóru fram í Hofi kl 19:00 á laugardagskvöldi og endaði þetta svo á balli þar sem Emmsjé Gauti tróð upp. Að þeim loknum keyrðum við svo heim í Stykkishólm og vorum við komin heim klukkan 04:00. Þetta var skemmtileg helgi og gaman fyrir okkar nemendur að fá að spila í hljómsveitum þar sem öll hljóðfæri eru til staðar.

15. október – Æfingabúðir hjá Stóru Lúðró og Víkingasveit

Laugardaginn 15. október voru hefðbundnar æfingabúðir í tónlistarskólanum. Kennarar voru Martin og Anastasia, en Hólmgeir spilaði með á bassa. Lögin sem æfð voru: *Another One Bites the Dust*, *Norskt sólarlag (Reodors Ballade)*, *Prumpulagið*, *Rólegur kúreki* og *Stamp*. Æfingabúðirnir enduðu á foreldratónleikum, pitsuveislu og bío.

11. nóvember – Æfingabúðir hjá Litlu Lúðró og Gemlingasveitinni

Á föstudegi eftir skóla voru æfingabúðir fyrir Litlu Lúðró og Gemlingasveit. Við æfðum vel í hópum og síðan allir saman. Tveir drengir komu frá Ólafsvík. Kennarar voru Martin, Anastasia, Hólmgeir og Haffi. Gemlingasveitin æfði *Lúðrasveitarsamba*, *Big Big World*, *Erie Canal Capers*, *Óðurinn til gleðinnar* og *Bjart er yfir Bethlehem*. Litla Lúðró æfði *Tröllamars*, *Nem Kwela*, *Haustlag* og *Köngurinn kemur*. Eftir hádegi voru hópeflisleikir og Litla Lúðró fór líka í sund. Seinnipartinn voru haldnir tónleikar fyrir foreldra og vini. Æfingabúðunum lauk með pizzaveislu og bíómynd.

24. nóvember – Hausttónleikar í Stykkishólmskirkju

Fimmtudaginn 24. nóvember voru hausttónleikar haldnir í kirkjunni kl. 18:00. Fram komu Litla Lúðró, Gemlingasveitin, Stóra Lúðró og Víkingasveitin.

Litla Lúðró spilaði *Haustlag*, *Kóngurinn kemur*, *Tröllamars* og *Nem Kwela*. Gemlingasveitin spilaði *Lúðrasveitarsamba*, *Óðurinn til gleðinnar*, *Big Big World* og *Erie Canal Capers*. Stóra Lúðró spilaði *Another One Bites the Dust*, *Prumpulagið*, *Norskt Sólarlag*, *Rólegur kúreki* og *Stamp*. Víkingasveitin spilaði *Pink Panter Theme*.

15. desember – Hátíðartónleikar í Stykkishólmskirkju

Fimmtudaginn 15. desember voru jólatónleikar tónlistarskólans í kirkjunni. Litla Lúðró spilaði *Jólaklukkur* og Stóra Lúðró spilaði *Frosty the Snowman*. Gemlingasveitin og Stóra Lúðró spiluðu síðan *Bjart er yfir Betlehem* þar sem allir tónleikagestir sungu með. Einnig var spilað afmælislagið fyrir Anastasiu sem átti afmæli daginn eftir.

11. mars – Æfingabúðir hjá Litlu Lúðró og Gemlingasveit

Sameiginlegar æfingabúðir voru haldnar fyrir Snæfellsnes. Grundarfjörður og Ólafsvík komu til okkar í Stykkishólm. Kennarar voru Martin, Anastasia, Hólmgeir og Haffi. Við æfðum fyrst í hópum og síðan allir saman. Við æfðum *Áfram Lúðró*, *Lúðrasveitarsamba*, *Big Big World*, *Erie Canal Capers* og *Óðurinn til gleðinnar*. Eftir hádegi fóru krakkarnir í leiki og líka í sund. Seinnipartinn voru haldnir tónleikar fyrir foreldra og vini. Æfingabúðunum lauk með pizzaveislu og bíómynd.

15. apríl – Æfingabúðir hjá Stóru Lúðró og Víkingasveit

Laugardaginn 15. apríl voru hefðbundnar æfingabúðir hjá Stóru Lúðró og Víkingasveitinni. Kennarar voru Martin, Anastasia og Haffi. Æfingabúðir áttu að vera í lok mars, en þurfti að fresta vegna lélegrar þátttöku. Núna vantaði samt 5 af 16 nemendum, en dagurinn tókst vel. Helstu löggin voru *Pachelbel's Canon*, *Yellow Submarine/Maxwell's Silver Hammer* og *Ubuhele Bendoda*. Æfingabúðirnir voru símalausar að þessu sinni, og það hafði góð áhrif á stemninguna. Bæði krakkar og kennarar fóru í boltaleik í góða veðrinu.

20. apríl – Sumardagurinn fyrsti

Ekki tókst að hafa vortónleika sumardaginn fyrsta á þessu ári.

11. maí – Vortónleikar í sal tónlistarskólans

Á fimmtudegi voru litlir vortónleikar í tónlistarskólanum kl. 17:30. Litla Lúðró spilaði *Stígvélalagið*, *Kínverjinn*, *Nem Kwela* og *Rokk*. Gemlingasveitin spilaði *Five Note Concerto*, *Big Big World*, *Lúðrasveitarsamba* og *Áfram Lúðró*. Stóra Lúðró spilaði *Yellow Submarine/Maxwell's Silver Hammer*, *Pachelbel's Canon* og *Soul Bossa Nova*. Víkingasveitin spilaði *Hug Pine*.

17. maí – Lúðrasveitartónleikar og hljóðfærakynning fyrir GSS

Á fimmtudagsmorgni mættu allir nemendur grunnskólans til að hlusta á tónleika í sal tónlistarskólans. 7.-10. bekkur komu kl. 10:00, en 1.-6. bekkur kl. 10:45.

Litla Lúðró, Gemlingasveitin og Stóra Lúðró spiluðu allar tvö lög, en Víkingasveitin eitt að lokum. Á seinni tónleikunum, fyrir yngri deild, kynntum við líka hljóðfæri. Nemendur komu fram og spiluðu stutt lög á þverflautu, kornett, ukulele, o.s.frv.

20. maí – Samspilsdagur fyrir Snæfellsnes

Helgina 19.-21. maí átti að vera landsmót SÍSL fyrir AB-sveitir í Vestmannaeyjum, en mótið féll niður vegna veðurs. Í staðinn héldum við litið mót fyrir Stykkishólm, Grundarfjörð (5 nemendur) og Rif (2 nemendur). Kristjón, Anastasia, Martin, Alexandra og Linda María sáu um æfingar.

2. júní – Þvottadagur

Föstudaginn 2. júní voru allir málmblásturs- og trommunemendur sem eru í lúðrasveit boðaðir á þvottadag. Mætingin var góð og kl. 13:30-15:00 voru lúðrar settir í bað. Síðan var farið í göngutúr og borðað ís áður en hljóðfærin voru þússuð, þurrkuð og sett saman aftur.

Sjómannadagur

Lúðrasveitin spilaði ekki á sjómannadag á þessu ári.

17. júní – Stóra Lúðró í skrúðgöngu

Á þjóðhátíðardaginn var skrúðganga niður Skólastíg í átt að höfninni, síðan upp Hafnargötu og Aðalgötu og inn í Hólmgarð. Stjórnandi var Martin. Lögin sem voru spiluð: *Öxar við ána*, *Hafið bláa hafið*, *Á Sprengisandi*, *Stamp*, *Prinsessumars* og *Það er komin 17. júní*.

Göteborg Music Festival 2023 – ferðaskýrsla

Sunnudaginn 25. júní – föstudaginn 30. júní.

Hátíðin stóð yfir 25.-29. júní, en við bættum við einum aukadegi að hátíðinni lokinni.

Sunnudagur

Foreldrar sáu um að koma sínum börnum út á flugvöll. Sumir gistu í Reykjavík, en aðrir keyrðu frá Stykkishólmi upp úr miðnætti. Mæting á flugvöll kl. 03:30

06:20-11:30 Flug með Play frá Keflavík til Kaupmannahafnar.

13:42-17:10 Lest frá Kastrup til Mölndal (syðst í Göteborg, lestin fór ekki lengra)

17:10 Rúta frá Mölndal á vegum GMF. Ferðin tók um 20 mínútur.

Flug til Kaupmannahafnar

Play var ódýrasti kosturinn, en flaug bara einu sinn í viku beint til Gautaborgar. Þess vegna var flogið fyrst til Danmerkur og lest tekin þaðan. Ókosturinn við Play var aukakostnaður við að velja sæti, handfarangur (flugfreyjutaska) ekki innifallin og dýrt að kaupa „odd-size“-farangur.

6 hljóðfæri voru það stór að við borguðum aukalega (bassatromma, trommukista, tveir rafbassar, túba og rafpíanó). 4-5 aðrir hlutir voru skráðir sem venjulegan farangur, en bara settur í odd-size út af hvernig þeir voru í laginu. (5 fjölskyldumeðlimir voru búnir að pakka saman í tösku og losa þannig kvóta fyrir þennan farangur).

Lest frá Danmörku til Svíþjóðar

Lestin frá Kastrup til Gautaborgar var ekki skemmtileg. Við vorum búnir að borga fyrir sæti, en þegar við komum í lestina voru öll sæti full af fólki sem voru að vonast til að fá að sitja þar. Margir voru líka standandi og því var erfitt að koma svona stórum hópi inn með allan þennan farangur. Það tók mjög langan tíma bæði að fá sætin okkar og finna pláss fyrir farangur. Auk þess var loftræstingin biluð í öðrum vagninum og þar var mjög heitt.

Gisting

GMF gaf okkur gisting á Hvitfáldska Gymnasíet. 15 Hólmarar voru í einni stofu. Það var þröngt, en gekk vel. Þar voru 11 nemendur, ein litlasystir og þrír foreldrar. Mæja, Ella og Haukur voru foreldranir sem gistu í skólanum.

Skólinn var tvískiptur, en það var stutt að labba í mötuneyti, sturtur og allar æfingar. Hinsvegar var svölítið labb niður í miðbæ þar sem við spiluum í göngugötunni Kopparmärra og bátnum „Party-paddan“. Það tók um 20 mínútur að labba, en GMF var með sendibíl fyrir hljóðfærin.

Mánudagur

Workshop fyrir hádegi (aldursskipt, fjórir nemendur í junior og níu í hovedkorps). Kennaranir voru sex félagar úr Göteborg Brass Quintet og byrjuðu á að spila lag fyrir okkur sem við fengum svo að læra eftir eyranu.

Tónleikar/keppni eftir hádegi. Átta lúðrasveitir tóku þátt, en okkur gafst ekki mikill tíma til að hlusta á aðrar sveitir. Eftir tónleikana var labbað niður í bæ þar sem við fundum skemmtilegan gosbrunn, góðan ís, grenjandi rigningu og verslunarmiðstöð. Það var gott að gera ekki meira þennan dag, því allir voru mjög þreyttir eftir ferðinni.

Þriðjudagur

Workshop fyrir hádegi (nýtt lag).

Spilað í göngugötunni eftir hádegi, en þá var grenjandi rigning. Það var búið að setja upp svið með trommusetti, nótnastatífum og hljóðkerfi, en við fundum sem betur fer risastóra sóhlíf rétt hjá og vorum þar í staðin. Diskó um kvöldið, en Haukur og Martin fóru í „ledarutflykt“ (siglingu) á meðan. Diskóið var þröngt og krakkarnir stoppuðu stutt. Það fóru allir í míní-golf í staðinn.

Miðvikudagur

Workshop (samæfing, tvö lög sett saman fyrir hvern aldurshóp).

Eftir hádegi fórum við í skrudgöngu. Áður en lagt var af stað gátu allir sem tóku þátt spilað Gammel Jegarmarsj saman. Við vorum ekki búin að æfa það lag, en stefnum á að gera það næst. Skrudgangurinn var um 2 km. og bæði byrjaði og endaði nálægt skólanum.

Um kaffileytið fórum við í siglingu og spiluum um borð í Party-paddan. Þetta var opinn prammi sem keyrði hægt um síki (?) borgarinnar á meðan við spiluum fyrir fólk sem var í göngutúr eða sat á veitingastöðum.

Um kvöldið voru lokatónleikar í Vasa-kirkjunni. Þar fengum við viðurkenning, „4. sæti“ stóð hjá öllum sem voru ekki í efstu þremum sætum. Verðlaunin sem við fengum var viðurkenningaskjal, bikar og nótnastatíf frá Nilton.

Fimmtudagur

Þetta var dagurinn sem flestir aðrir fóru heim, en það var búið að lofa okkur bæði gisting og morgunmat fram að föstudag. Það kom hinsvegar í ljós að við þurftum að færa okkur um nokkrar hæðir svo starfsmenn skólans gætu byrjað að þrifa hæðina sem við vorum á. Þetta var smá vesen, en kannski bara gott að vera byrjuð að pakka niður fyrir föstudaginn.

Allir fóru svo í Liseberg skemmtigarðinn kl. 11:30 og voru þar þangað til hann lokaði kl. 22:00. Allir voru mjög ánægðir með þennan dag.

Föstudagur

Lúðrasveitin átti að fá morgunmat í skólanum, en þar sem GMF vildi loka eldhúsinu sem fyrst bauð Roger framkvæmdastjóri okkur í morgunmat á hótelinu í staðinn.

09:30 kom rúta á vegum GMF á hótelið til að sækja okkur, kom svo við hjá skólanum og keyrði svo út á flugvöll.

Kl. 12:40-14:45 áttum við beint flug með Play, en það seinkaði því miður um 45 mín.

Hvað erum við ánægð með

Skipulag og framkvæmd hátíðarinnar. Þetta er rótgróin hátíð og þó hún breytist smá er hægt að treysta á hana og vita fyrirfram hvað við eigum von á.

Dagskráin var fjölbreyttur og ekki of strembin (Hægt að velja hvað við gerum mikið.)

Hvað má gera betur, eða muna næst?

Ef við erum dugleg að safna væri gaman að vera öll á hótelinu. Það er þó ekki eins félagslegt. Gott væri að taka með eða kaupa þvottasnúru til að hengja upp handklæði og blauð föt.

Næst mætti athuga hvort það væri hægt að leiga stór hljóðfæri eins og rafpíanó og bassamagnara.

Möguleiki væri að taka rútu frá t.d. Gardemoen eða Kaupmannahöfn og e.t.v. vera með hana alla vikuna.

Einnig hefur...

- Litla Lúðró æft frá 15:00 – 16:00 á hverjum miðvikudegi.
- Gemlingasveit æft frá 15:15 – 16:15 á hverjum fimmtudegi.
- Stóra Lúðró æft frá 17:15 - 18:30 á hverjum fimmtudegi.
- Víkingasveitin æft frá 18:15 - 19:00 einu sinn í mánuði

Stykkishólmi, 14. september 2023

Anastasia Kiakhidi og Martin Markvoll